

Fundargerð.

Aðalfundur Norðurár bs. 2021

Aðalfundur Norðurár bs., haldinn 2 september 2021 kl: 16:30 í Menningarhúsinu Miðgarði Skagafirði.

Mættir fulltrúar eigenda voru: Sigfús Ingi Sigfússon fyrir Sveitarfélagið Skagafjörð, Einar Kristján Jónsson fyrir Húnavatnshrepp, Alexandra Jóhannesdóttir fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd, Valdimar Ó. Hermansson fyrir Blönduós og Magnús Björnsson fyrir Skagabyggð.

Einnig sátu fundinn stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson.

Einnig sátu fundinn eftir atvikum Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Margeir Friðriksson, Kristján Jónsson og Smári Guðfinnsson frá Eflu Verkfræðistofu.

Dagskrá

- 1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara.**
- 2. Skýrsla stjórnar.**
- 3. Ársreikningur 2020.**
- 4. Fjárhagsáætlun 2022.**
- 5. Kosning stjórnar og endurskoðenda.**
- 6. Ákvörðun um þóknun stjórnar.**
- 7. Forsendur fyrir uppsetningu brennsluofns fyrir dýrahæ**
- 8. Söfnun dýrahæa - skipulag og gjaldskrá sveitarfélaga**
- 9. Önnur mál.**

1. Fundarsetning og kosning fundarstjóra og ritara

Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt samhljóða að Sigfús Ingi Sigfússon yrði fundarstjóri og að Einar E. Einarsson ritaði fundargerð.

2. Skýrsla stjórnar

Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður fór yfir starfsemi og helstu verkefni Norðurár bs., árið 2020. Kom meðal annars fram að Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að gefa út endurnýjað og stækkað starfsleyfi fyrir Norðurá í lok ársins. Ferlið hefur verið í vinnslu síðan í maí 2018. Á árinu 2020 var tekið á móti rúmlega 26 þúsund tonnum af úrgangi sem er mjög svipað magn og tekið var á móti árið 2019. Svólítill breyting var á milli flokka en erfitt er að draga miklar ályktanir af því nema yfir lengri tíma. Magn sláturúrgangs jókst hinsvegar annað árið í röð eftir samdrátt í magni á árunum 2016 og 2017. Stærsta upptökusvæði sorps er eins og áður Eyjafjörður með um 45% af heildarmagninu en næst stærst er Sveitarfélagið Skagafjörður

með 21% af heildarmagninu. Það sem af er árinu 2021 hefur hinsvegar borist minna magn af sorpi í heildina en á sama tíma í fyrra en of snemmt er að draga stórar ályktanir af því þó vonandi sé þetta vísbending um að aukin flokkun og betri nýting sé að hafa áhrif. Dagleg starfsemi á árinu 2020 og einnig 2021 hefur á tímabilum mótast af þeim Covid bylgjum sem hafa gengið yfir, en þá voru settir upp ótengdir og aðskildir vaktahópar til að vinna vinnuna með það að markmiði að staðurinn myndi ekki lokast ef upp kæmi Covid smit hjá starfsmanni. Þessu hefur fylgt aukinn rekstarkostnaður. Á árinu 2020 og 2021 hefur stjórn unnið að hugmyndum um uppsetningu á ofni til brennslu á dýraleifum frá landbúnaði (ekki sláturúrgangi), og þá áhættuvefjum frá afurðastöðvum. Um verkefnið er fjallað í öðrum lið á fundinum. Framundan er að leiða þau mál til lykta og síðan að byrja skoðun á fyrstu skrefum þess að fara í næstu stækkun á urðunarhólfinu.

3. Ársreikningur 2020

Kristján Jónasson frá KPMG gerði grein fyrir ársreikningi ársins 2020.

Megin niðurstaða ársreikningsins sýndi að hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2020 að fjárhæð 106,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 993,8 millj. kr. í árslok. Eigið fé félagsins í árslok nam 546,4 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Laun og launatengd gjöld námu samtals 47,4 millj. kr. á árinu 2020. Meðalfjöldi starfsmanna hjá félaginu á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk), var 4,4.

Eftir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning 2020 var hvoru tveggja borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2022

Margeir Friðriksson lagði fram rekstraráætlun vegna ársins 2022, dagsett 2. september 2021. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir gjaldskrárhækkun á árinu 2022 þó gert sé ráð fyrir að urðað magn verði 11,5% minna en árið 2020, mest vegna aukinnar flokkunar. Ekki er gert ráð fyrir fjárfestingum á árinu 2022. Gert er ráð fyrir minni rekstarafgangi á árinu 2022 eða um 24 milljónum.

Sigfús bar fjárhagsáætlunina upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

5. Kosning stjórnar og endurskoðanda

Sigfús Ingi Sigfússon lagði fram tillögu um að aðalmenn í stjórn yrðu Einar E. Einarsson, Sveinn Úlfarsson og Magnús B. Jónsson. Til vara væru í sömu röð, Ingibjörg Huld Þórðardóttir, Stefán Gísli Haraldsson og Zophonías Ari Lárusson. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Jafnframt bar Sigfús Ingi upp þá tillögu að Kristján Jónasson endurskoðandi frá KPMG verði endurskoðandi Norðurá bs. árið 2021. Samþykkt samhljóða.

Snorri Finnlaugsson er tilnefndur áfram sem áheyrnarfulltrúi fyrir Flokkun Eyjafjarðar.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnar

Fundarstjóri flutti tillögu um að laun stjórnar fylgi sömu launaviðmiðum og hlutföllum og miðað er við hjá Sveitarfélaginu Skagafirði en þau viðmið taka mið af þingfarakaupi sem er nú 1.285.411 kr á mánuði. Samkvæmt því fær þá stjórnarformaður 2,5% eða 32.135 kr./fund en stjórnarmaður fær 1,6% eða 20.567 kr./fund. Varamenn fá sömu þóknun og stjórnarmenn þurfi þeir að mæta á fund.

Samþykkt samhljóða.

7. Forsendur fyrir uppsetningu brennsluofns fyrir dýrahæ

Smári Guðfinnsson frá Eflu fór yfir þá vinnu sem búið er að gera vegna hönnunar, áætlaðs stofnkostnaðar og áætlaðan rekstarkostnað við uppbyggingu og rekstur á ofni sem myndi brenna um 2.000 tonn af dýraleifum á ári. Þá er einungis átt við dýraleifar frá landbúnaði en ekki sláturúrgang frá afurðastöðvum. Fram kom að áætlaður stofnkostnaður við slíkan ofn væri um 413 milljónir og áætlaður rekstarkostnaður 38-47 kr/kg miðað við að brennd verði um 2.000 tonn á ári. Við brennsluna yrði fyrst og fremst notað það metangas sem er að koma úr haugstæðinu sem búið er að loka en til vara væri hægt að nýta aðra orkugjafa. Gerð var ýtarleg grein fyrir uppbyggingu vinnslunnar og þeim tækjum sem í hana þarf. Einnig fór hann yfir hugsanlega varmanýtingu á þeirri orku sem verður til við brennsluna en þar er samstarf við Rarik um skerpingu á hita á heitavatnslögninni sem liggur til Skagastrandar talinn heppilegri kostur en framleiðsla á rafmagni.

Smári var einnig með tölur um áætluð vanhöld á búfé eftir sveitarfélögum á Norðurlandi öllu og áætlun um væntanlegt magn til brennslu út frá þeim ásamt upplýsingum um gjaldskrár annarra förgunaraðila.

8. Söfnun dýrahæa - skipulag og gjaldskrá sveitarfélaga

Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri í Hörgárbyggð gerði grein fyrir þeirri innheimtu aðferð sem þeir hafa notað í sveitarfélaginu til að standa straum af kostnaði við söfnun og förgun á dýraleifum frá landbúnaðinum. Í grunninn er þeirra aðferð sú að leggja fast gjald á hvern ásettan grip (mismunandi eftir dýrategund), byggt á forðagæsluskýrslum

Matvælastofnunnar. Hann segir þetta fyrirkomulag hafa reynst vel, en með því borgi allir búfjáreigendur eftir bústærð.

Í framhaldi af kynningu Snorra lagði Magnús B. Jónsson fram eftirfarandi tillögu frá stjórn Norðurá bs.

Aðalfundur Norðurár bs haldinn í Miðgarði 2. september 2021 samþykkir að fela stjórn byggðasamlagsins að vinna áfram að úttekt á möguleikum til að koma upp búnaði til að brenna dýrahæum sem falla til í landbúnaði sem og áhættuvefjum sem falla til hjá afurðastöðvum og óheimilt er að urða eða jarðgera. Fundurinn felur stjórn að stilla upp fjárfestinga- og rekstraráætlun fyrir brennslustöð á þeim forsendum sem

kynntar hafa verið á fundinum og leggja fyrir aðal-eða eigendafund til endanlegrar samþykktar.

Fundurinn samþykkir jafnframt að beina því til sveitarstjórna á Norðurlandi sem hafa ekki nú þegar tekið upp reglubundna söfnun á dýrahæum og mótað gjaldskrá fyrir búfjárhald til að standa straum af því að taka það verkefni inn í gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022. Fundurinn telur samstöðu sveitarfélaga á þjónustusvæði Norðurár bs um reglubundna söfnun og eyðingu dýrahæa vera eina af forsendum fyrir uppsetningu brennsluofnsins.

Töluverðar umræður urðu um tillöguna og þá kosti og galla sem uppbygging slíkar brennslustöðvar hefði fyrir sveitarfélögin. Komu fram sjónarmið um að þetta yrði dýrt og kostnaður við eyðingu á hverju kíló myndi hækka mikið miðað við núverandi gjaldskrá Norðurá bs. sem er þegar allt er skoðað sú lægsta á landinu eða 13,5 kr/kg meðan t.d. brennsla í Kolku er 61 kr/kg. En einnig komu sterklega fram þau sjónarmið að þetta verkefni yrði ekki flúið og að betra væri fyrir sveitarfélögin hér að eiga frumkvæði að slíkri framkvæmd heldur en að verða skikkud með þennan úrgang um ennþá lengri leiðir en ef ekki væri brennsla á Norðurlandi. Ræddir voru möguleikar á innleiðingu þessara breytinga og kom fram sterkur vilji fundarmanna um að gjaldtakan yrði samræmd á þann hátt að hún myndi ná til allra sem halda búfé í sveitarfélögunum og tæki mið af bústærð. Einnig var velt upp þeim möguleika hvort annar rekstur sem Norðurá bs. stendur fyrir í dag geti leitt til hagræðingar við brennsluna í t.d. nýtingu á mannskap. Þannig myndi nást fram lækkun frá áður ætluðum kostnaði við hvert brennt kg.

Tillagan var borinn undir atkvæði og samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Enginn var á móti og enginn sat hjá.

9. Önnur mál

Enginn.

Sigfús Ingi þakkaði fyrir sig og Magnús B. Jónsson sleit fundi og þakkaði starfsmönnum fundarins og fundarmönnum góðan fund.

Fundi slitið kl. 19:00

Einar E Einarsson

Sigfús Ingi Sigfússon